

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1307
komudagur 25.2.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndadeild Alþingis
Félagsmálanefnd
b.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. SI vísa til og taka undir umsögn Samtaka atvinnulífsins um öll atriði nema 13. og 14. gr. frumvarpsins.

Verði þessar tvær greinar frumvarpsins að lögum kemur til framkvæmda nýtt eftirlit með því að vélar og tæki uppfylli staðla og skilyrði. Ákvæði þessi eru sett á grundvelli efnisákvæði tilskipana Evrópusambandsins 98/37/EB um samræmingu laga aðildarríkja um vélar, 97/23/EB um þrýstibúnað og 95/16/EB um lyftur, en gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji reglur um binda muni bæði innlenda seljendur og atvinnufyrirtæki sem keypt hafa vélar til eigin nota.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að bannað verði setja á markað eða taka í notkun tegund véla sem uppfylli ekki reglur um öryggi og formaskilyrði.

Vinnueftirlit ríkisins mun hafa viðtækar heimildir til að:

- Banna markaðssetningu tækja og véla
- Banna notkun tækja og véla

Samtök iðnaðarins taka undir nauðsyn þess að kveðið verði á um eftirlit í samræmi við skuldbindingar Íslands sem aðila að innri markaði í Evrópu. Hins vegar mælast samtökin eindregið til þess að Alþingi gangi úr skugga um að við skipulagningu þessa eftirlits og framkvæmd hér heima, verði íþyngjandi kröfur ekki meiri en EES-gerðir kveða á um.

SI telur að sjónarmið um réttaröryggi og stjórnfestu krefjist þess að ofangreind lagaákvæði innihaldi mun nákvæmari tilgreiningu á þeim almennu skilyrðum og stöðlum sem gilda á EES og þeim skilyrðum sem gilda skuli um vélar og tæki sem keypt eru til Íslands frá öðrum markaðssvæðum. Framsal löggjafarvalds til félagsmálaráðherra þurfi Alþingi að binda skýrari skilyrðum ekki síst þar sem um er að ræða svið er varðar atvinnustarfsemi svo miklu og er aðeins að hluta á fagsviði ráðherra.

SI tekur undir sjónarmið er fram koma í greinargerð með lögnum, um nauðsyn þess að Vinnueftirlitið vandi alla stjórnslu í þessu sambandi. Við ítrekum að frumforsenda þess að það geti orðið er skýrari afmörkun efnis hinna væntanlegu reglna í settum lögum frá Alþingi.

Samtök iðnaðarins ítreka almennan skilning á nauðsyn þess að setja lög um þetta svið, en lýsa áhyggjum af bannheimildum Vinnueftirlits ríkisins, heimildum til að

fyrirskipa förgun véla og tækja og ítarlegum ákvæðum um að seljendur/eigendur tækjanna beri kostnað, bæði af rannsókn og mögulegri förgun.

Samtök iðnaðarins lýsa efasemdum um að hér sé gætt meðalhófs. Í greinargerð með lögunum kemur ekki fram að litið hafi verið til og lært af reynslu annarra Evrópuþjóða að þessu leyti. Ekki verður heldur séð að til grundvallar þessu viðurhlutamikla eftirliti liggja nægjanlega skýr rök og rannsókn, sem þó er lagaskylda skv. lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. **Samtök iðnaðarins skora sérstaklega á félagsmálanefnd að fá þetta síðastnefnda atriði upplýst.**

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Kristrún Heimisdóttir
lögfræðingur